

## Nýr háskóli stofnaður með samruna HR og THÍ



Viðræðum um stofnun nýs háskóla með samruna **HR** og **THÍ** er lokið með samkomulagi um stofnun einkahlutafélags sem taka mun yfir starfsemi beggja skólanna. Sjö manna stjórn verður skipuð yfir einkahlutafélaginu sem jafnframt mun gegna hlutverki háskólaráðs hins nýja skóla. Við sameininguna verður til næststærsti háskóli landsins með öfluga

tengingu við íslenskt atvinnulíf sem ætlað er að marka skólanum sérstöðu á komandi árum. Stefnir er að því að starfsemi verði endanlega sameinuð á næsta sumri og að nemendur innritist í hinn nýja háskóla frá og með skólaárinu sem hefst haustið 2005. Auk núverandi viðfangsefna er fyrirhugað að taka upp nám í kennslufræði og verkfræði við hinn nýja skóla. Núverandi nemendur HR og THÍ eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við þær skuldbindingar sem skólarnir hafa stofnað til.

Með þessum nýja háskóla er stigið þýðingarmikið skref í átt til sterkari tengingar íslensks atvinnulífs við háskólastarf hér á landi, meðal annars til að styrkja samkeppnisstöðu beggja aðila á komandi árum. Sérstök áhersla verður lögð á að auka áhuga ungs fólks á raunvísindum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar á þeim sviðum standist alþjóðlegan samanburð. Hvort tveggja er forsenda framþróunar og aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Samkvæmt [viljayfirlýsingu](#) sem menntamálaráðherra og aðstandendur skólans hafa undirritað mun menntamálaráðuneyti beita sér fyrir framlögum til skólans vegna kennslu í samræmi við reglur ráðuneytisins um fjármögnun háskóla. Við háskólann verða einnig stundaðar rannsóknir og er stefnt að því að framlag ríkisvaldsins vegna rannsókna hins nýja skóla fari stigvaxandi til ársins 2009, háð þeim fyrirvörum sem settir verða í kennslu- og rannsóknarsamningi og almennum kröfum um árangur rannsóknarstarfseminnar. Háskólinn mun auk þess efla rannsóknar- og þróunarstarf sitt með fjármögnun frá fyrirtækjum, samtökum atvinnurekenda, samkeppnisjóðum innanlands og erlendis og í samstarfi við rannsóknar- og fræðslustofnanir.

Núverandi rektorar HR og THÍ, þær Guðfinna S. Bjarnadóttir og Stefanía Katrín Karlsdóttir, munu starfa sem rektorar HR og THÍ þar til starfsemi skólanna verður endanlega sameinuð.



### Ráðstefnan Ungdom - Demokrati og deltagelse

Norræna ráðstefnan *Ungdom - Demokrati og deltagelse*, sem fram fer á Hótel Selfossi, verður haldin dagana 21. - 22. október nk. og munu yfir 100 manns frá Íslandi og Skandinavíu taka þátt í henni. Að ráðstefnunni standa menntamálaráðuneyti og Norræna æskulýðsnefndin (NUK) í tilefni af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, en samhlíða fer Ísland með formennsku í Norrænu æskulýðsnefndinni.

Markmið ráðstefnunnar er:

- Að ræða leiðir og möguleika ungs fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi á Norðurlöndum og möguleika þess til að hafa áhrif á ákvarðanatöku um málefni sem varða það
- Að gera kjörna fulltrúa meðvitaðri um hinn mikilvæga auð sem leyntist í skoðunum og viðhorfum barna og ungmenna.

Á ráðstefnunni verða erindi, málstofur og umræðuhópar þar sem leitast er við að varpa ljósi á ólíka þætti sem tengjast yfirskrift ráðstefnunnar. Í tengslum við ráðstefnuna skipuleggur Norræna ráðherranefndin – Stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu og Íslandsdeild UNICEF kvikmyndasmíðu fyrir ungt fólk undir yfirskriftinni *Lýðræði og þátttaka*.

Þátttakendur á ráðstefnunni eru á öllum aldri og er yngsti gesturinn aðeins 14 ára gamall. Þó ráðstefnan sé fyrst og fremst ætluð þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum og embættismönnum sem fara með málefni ungs fólks er ungt fólk sérstaklega hvatt til að mæta. Ráðstefnan fer fram á skandinavísku og er þáttakendum að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar og skráningarblað er að finna á [theoneminutesjr.org](http://theoneminutesjr.org) og á [ungdeltagelse.is](http://ungdeltagelse.is).

### Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá

Í tengslum við þátttöku Íslands í [Evrópuári menntunar með iðkun íþróttá 2004](#) hefur landsnefnd Evrópuársins á Íslandi úthlutað styrkjum að upphæð 1,6 milljónum króna til fjögurra verkefna hér á landi. Menntamálaráðherra skipaði landsnefndina í byrjun þessa árs og veitti ákveðnu fjármagni til verkefnisins. Auk þess hefur eitt verkefni fengið styrk frá Evrópusambandinu að upphæð 2,4 milljóna króna. Öll eiga verkefni þau sammerkt að leitast við að ná markmiðum Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttá, m.a. með því að vekja athygli Evrópubúa, einkum ungs fólks, á gildi íþróttá fyrir proska einstaklingsins, félagslega hæfni og gott líkamsástand. Einnig vill Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá efla tengsl menntunar og íþróttá í Evrópu og efla félagslega aðlögun þjóðfélagsþópa sem standa höllum fæti.

Eftirfarandi verkefni hljóta styrk:

- Sveitarfélagið Skagafjörður hlýtur 800.000,- kr. styrk vegna verkefnis er ber heitið *Nálgumst í íþróttum*. Verkefninu er ætlað að stuðla að aukinni þátttöku unglunga á

jaðarsvæðum í íþróttum.

- Knattspyrnufélagið Þróttur í Reykjavík hlýtur 300.000,- kr. styrk vegna verkefnis sem snýr að þátttöku foreldra í íþróttastarfi og fræðslu til þeirra. Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar Þróttar hefur á undanförmum árum lagt áherslu á félagsstarf deildarinnar og nú hefur það í hyggju að ná enn betur til foreldra og kynna íþróttastarfi fyrir þeim.
- Heilsuleikskólinn Urðarhóll í Kópavogi hlýtur 250.000,- kr. styrk vegna rannsóknar á hreyfifærni barna. Urðarhóll hefur verið í fararbroddi heilsuleikskóla og hefur skipulagða íþróttaiðkun sem hluta af heilsustarfi sínu.
- Ungmennafélag Íslands hlýtur 250.000,- kr. styrk vegna námskeiðahalds Leiðtogaskólans þar sem ungmenni eru frædd um félagsstarf með það að markmiði að hvetja þau til virkrar þátttöku í hvers konar félagsstarfi.

Auk þessara fjögurra verkefna sem hlutu innlendan styrk veitti Evrópusambandið 2,4 milljóna króna styrk til eins verkefnis á landsvísi. Verkefnið ber heitið [Ólympíuvefurinn](#) og er samvinnuverkefni íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Íþróttakennarafélags Íslands sem hefur það að markmiði að hvetja börn og ungmenni til að fræðast um gildi íþróttá og sögu og markmið Ólympíuleikanna. Verkefninu er ætlað að fá skóla til að vera með ýmsa þemadaga þar sem áhersla er lögð á að flétta íþróttir inn í aðrar námsgreinar um leið og börn og ungmenni fræðast um gildi íþróttá og sögu Ólympíuleikanna.

